



Náms- og kennsluáætlun – Vorönn 2021

VIFR3ÁV05

Kennari	Hlynur Ómar Svavarsson M.Sc - hlynur.svavarsson@fss.is
Viðtalstími	Fimmtudaga kl.12:20 - 13:00
Kennsluefni	Farsæl skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson (2020). Verkefnahefti í fjármálum.
Áfangalýsing	Kennsla áfangans byggist á fyrirlestrum og verkefnabók þar sem farið er yfir aðferðafræði fjármálalæsis og fjármálastjórnunar. Kennari útskýrir fjármálaútreikninga og dæmi í Excel. Nemendur munu vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni í Excel heima og í tímum og skila þeim á Innu. Niðurstöður einstaklingsverkefna kynna nemendur fyrir öðrum.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Innuverkefni	15 klst.	15 klst.
Alls:		107 klst. = 5 fein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 – 120 klst.

Reglur áfanga	- Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara! - Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum.
----------------------	--

Þekking Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á: • Helstu undirstöðum í fjármálafræðum • Núvirði og framtíðarvirði verðbréfa • Helstu vaxtahugtökum • Grunnatriðum fjármálamarkaðarins • Muninum á nafnávöxtun og raunávöxtun • Helstu kennitölum og vísitölum hlutabréfa • Skuldabréfum, hlutabréfum og fjárstreymi	Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Verðmeta einföldustu fjármálagerninga og arðsemi fjárfestingaverkefna • Reikna vexti og ávöxtun verðbréfa • Búa til fjárstreymi í Excel og veita ráðgjöf • Reikna hagkvæmasta fjárfestingarkostinn • Lesa, greina og stjórna fjármálum sínum
Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Fylgjast með umfjöllun á sviði fjármála • Reikna einföldustu fjármálagerninga • Reikna greiðslur, núvirði, framtíðarvirði og innri vexti greiðsluraðar • Reikna kaupverð, gengi, afföll og yfirverð skuldabréfa og reikna virði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa og greiðslur tengdar þeim, hvort sem þau eru með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum • Undirbúa ákvarðanir um fjármögnun og fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja <i>Með fyrirvara um frekari breytingar á önninni ☺</i>	Annað sem kennari vill láta koma fram: • Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftar en 10 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum. • Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina frá orði til orðs og spurðu ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. • Nýttu þér upprifjunartímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á. • Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á viðhorfum stjórnenda til fjármála einstaklinga og fyrirtækja og geti tileinkað sér sín eigin fjármálastjórnun.

Námsmat og vægi námsmatspáttá	Ekkert lokapróf verður haldið í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf verða haldin á önninni og er lágmarkseinkunn 4,5 úr hverju prófi fyrir sig og lágmarkseinkunn er 8.0 fyrir vinnubókina. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í byrjun maí. Vægi einstakra námspáttá, þ.e. einkunnarreglan á Innu: Vinnubók 40%, kaflapróf 30% og hópverkefni 30%.
---	---

Kennsluvikur.	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum.
1. vika 6. - 8. janúar	<i>Lífið er framundan – I. ævilangt verkefni. Kafli 1 í kennslubók - bls. 6 - 13. – fjármál. Farsæl skref í fjármálum – fjármál alla daga.</i>	Tímaverkefni frá kennara
2. vika 11. - 15. janúar	<i>Kafli 2 í kennslubók - bls. 14 - 22. – fjármál. Farsæl skref – verkfærakista fjármálanna.</i>	Kennsla hefst 6. janúar 2021
3. vika 18. - 22. janúar	<i>Kafli 2 í kennslubók - bls. 23 - 29. – fjármál. Farsæl skref – verkfærakista fjármálanna.</i>	Hópverkefni frá kennara.
4. vika 25. - 29. janúar	<i>Kafli 2 - bls. 30 - 40. – uppruni verðmæta. Farsæl skref – verkfærakista fjármálanna.</i>	Tímaverkefni frá kennara.
5. vika 1. - 5. febrúar	<i>Kafli 3 - bls. 44 - 51. – ráðstöfun verðmæta. Farsæl skref – sparnaður og fjárfestingar.</i>	Hópverkefni frá kennara.
6. vika 8. - 12. febrúar	<i>Kafli 3 - bls. 52 - 57. – ráðstöfun verðmæta. Farsæl skref – sparnaður og fjárfestingar.</i>	Stöðupróf 1 Kaflar 1 – 2
7. vika 15. - 19. febrúar	<i>Kafli 3 - bls. 57 - 63. – ráðstöfun verðmæta. Farsæl skref – sparnaður og fjárfestingar.</i>	Tímaverkefni frá kennara.
8. vika 22. – 26. febrúar	<i>Kafli 4 - bls. 66 - 73. – lán og skuldir</i>	
9. vika 1. - 5. mars	<i>Kafli 4 - bls. 74 - 79. – lán og skuldir</i>	Tímaverkefni frá kennara.
10. vika 8. - 12. mars	<i>Kafli 4 - bls. 80 - 85. – lán og skuldir</i>	Hópverkefni frá kennara.
11. vika 15. - 19. mars	<i>Kafli 5 - bls. 88- 93. – að taka lán. Farsæl skref – stórar ákvarðanir</i>	Stöðupróf 2 Kaflar 3 – 4
12. vika 22. - 26. mars Páskafri	<i>Kafli 5 - bls. 94 - 99. – að taka lán. Farsæl skref – stórar ákvarðanir.</i>	
13. vika 6. - 9. apríl	<i>Kafli 5 - bls. 100 - 107. – nokkur hollráð. Farsæl skref í fjárm. – stórar ákvarðanir.</i>	Tímaverkefni frá kennara.
14. vika 12. - 16. apríl	<i>Kafli 6 í kennslubókinni – bls. 109-115. Farsæl skref í fjármálum – viðaukinn.</i>	Hópverkefni frá kennara.
15. vika 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	<i>Lífið er framundan – VI. spyrjum að leikslokum</i>	Stöðupróf 3 Kaflar 5 – 6
16. vika 26. - 30. apríl	<i>Upptökupróf.</i>	Endurtektarpróf
17. vika 3. - 6. maí	<i>Stoðdagar.</i>	Sjúkrapróf.

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf ☺

Hlynur